

Til Utanríkismálanefndar.

Umsögn um 38. mál þingsályktunartillaga 137. löggjafarþingi - Aðildarumsókn að Evrópusambandinu

Vil ég byrja á að þakka þau opnu vinnubrögð sem hafa verið viðhöfð í kringum þetta frumvarp og þá sérstaklega það framtaka að auglýsa sérstaklega eftir umsögnum frá almenningi. Er þetta vonandi merki um að þingið hafi séð nauðsyn og styrk þeim sem fellst í aukinni þátttöku hins almenna borgara í störfum þess.

Varðandi efni frumvarpsins vil ég koma eftirfarandi athugasemdum á framfæri við nefndina og vonast til að þær megi verða að gagni við vinnslu frumvarpsins:

1. Þar sem það liggur fyrir að það þurfi að breyta stjórnarskránni áður en hægt er að ganga í ESB finnst mér ástæða til að leita eftir lögfræðilegu áliti á því hvort ekki þurfi að breyta stjórnarskránni áður en sótt er um aðild að ESB út frá sömu forsendum. Það reynist mörgum erfitt að skilja að það geti verið leyfilegt fyrir þing og ríkisstjórn að sækja um aðild að bandalagi sem það má ekki verða hluti af og því gæti birting á slíku lögfræðilegu mati aukið sátt um þessa leið.
2. Kostnaður vegna aðildarferlinu er eðlilegt áhyggjuefni margra borgara í landi þar sem fyrir stendur að skera verulega í velferðarkerfinu og auka skattheimtu. Væri hægt að leitast eftir að fá að sjá hvað aðildarumsóknir hafa reynst kosta þær þjóðir sem hafa farið í gegnum svona ferli á undanförunum árum, gera kostnaðaráætlun sem fylgi frumvarpinu og skuldbinda sig til að opinber kostnaðinn að loknum viðræðum.
3. Ég vil vara við að málið verði tekið úr utanríkismálanefnd og sett í sérnefnd um málið. Það er ótækt að stærsta utanríkismál þessa kjörtímabils sé tekið úr nefndinni sem á að fjalla um utanríkismál og svarar til að málefni spitalanna sé tekinn úr heilbrigðisnefnd.
4. Það er afgerandi fyrir traust almennings á samningsniðurstöðunum að traust sé til þeirra sem eiga að semja fyrir okkar hönd. Ég skora því á nefndina að samningarnefndin verði kosin af Alþingi eða í beinum kosningum (sem gæti þá verið málamiðlunarleið gagnvart þeim sem vilja setja aðildarumsókn í þjóðaratkvæðagreiðslu). Hafi samningarnefndin ekki breiðan stuðning almennings og Alþingis mun engu skipta hvað hún semur um, sá samningur mun verða tortryggður og hafnað.
5. Ég vil hvetja utanríkismálanefnd til að boða til opins borgarafundar um málið þar sem efnisatriði og helstu tímamarkmið málsins væru kynnt fyrir almenning og almenningur gæti komið með spurningar og athugasemdir.

Að lokum vil ég leggja áherslu á að áfram verði haldið að vinna þetta mál í sátt og samvinnu bæði meðal málsaðila og almennings í heild sinni. Hvorki aðildarsinnar né andstæðingar geta haft neitt upp úr því að hleypa þessu máli í illdeilur, enda er sátt og samstaða forsenda þess að land okkar og þjóð megi halda friðinn í komandi hremmingum. Gangi ykkur vel.